

Nd.

313. Frumvarp til laga

[188. mál]

um breytingu á lögum nr. 74/1982, um brunavarnir og brunamál.

(Eftir 2. umr. í Nd., 16. des.)

1. gr.

1. mgr. 24. gr. laganna, a-liður, orðist svo:

Öll tryggingafélög og aðrir, sem annast váttryggingar, skulu árlega innheimta með iðgjöldum sínum sérstakt brunavarnagjald fyrir Brunamálastofnun ríkisins. Brunavarnagjaldið má nema allt að 0,045 prómillum af váttryggingarfjárhæð brunatrygginga fasteigna og lausafjár, svo og samsettra váttrygginga sem fela í sér brunatryggingu. Viðlagatrygging skal þó ekki teljast gjaldskyld trygging í þessu efni, né heldur brunatryggingar skipa og flugvéla. Ráðherra ákveður hversu hátt fyrrgreint hlutfall skal vera og setur nánari reglur um innheimtu brunavarnagjaldsins í reglugerð. Þeir aðilar, sem innheimta brunavarnagjaldið, skulu hafa staðið Brunamálastofnun ríkisins skil á gjaldinu innan þriggja mánaða frá innheimtu þess. Endanlegt uppgjör gjaldsins fyrir hvert ár fer fram þegar ársreikningar þeirra aðila, sem annast innheimtu brunavarnagjaldsins, liggja fyrir.

2. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1988.

Ákvæði til bráðabirgða.

Endanlegt uppgjör á brunavarnagjaldi vegna síðasta iðgjaldatímabils fyrir gildistöku þessara laga skal fara fram þegar ársreikningar hvers tryggingafélags liggja fyrir í samræmi við a-lið 1. mgr. 24. gr. laga nr. 74/1982.